



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND



***Sjálfsmatsskýrsla
Menntaskólans við Sund
skólaárið
2019-2020***

Virðing - Jafnrétti - Ábyrgð - Heiðarleiki

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Listi yfir töflur og myndir	3
1 Inngangur	4
1.1 Sjálfsmatshópur MS	4
2 Almennar upplýsingar.....	5
2.1 Markmið.....	5
2.2 Nemendur	6
2.3 Starfsfólk	8
3 Markmið og aðgerðir 2019-2020.....	8
3.1 Mótun skólabrags.....	9
3.1.1 Félagslíf og foreldrasamstarf	9
3.1.2 Umsjón og valdagar	9
3.1.3 Fagstjórn og verkefnisstjórn með tvítyngdum nemendum.....	10
3.1.4 Að byggja upp seiglu nemenda	10
3.1.5 Lágt brotthvarf og hærra útskriftarhlutfall	11
3.2 Þróun kennslufræði í takt við nýja námskrá	13
3.3 Faglegt samstarf, starfsþróun og endurmenntun.....	14
3.4 „Nám í MS“	14
3.5 Umhverfismál, stjórnsýsla og rekstur	15
3.5.1 Umhverfismál	15
3.5.2 Rekstur skólans	16
3.5.3 Uppgjör vegna nýbyggingar	16
3.6 50 ára afmæli Menntaskólans við Sund.....	16
4 Kannanir	17
4.1 Nemendakönnun	17
4.2 Umræðufundur með nemendum	18
4.3 Könnun meðal nemenda í fjarnámi vegna Covid19	18
4.4 Starfsmannakönnun.....	19
5 Ytra mat á skólastarfi	23
6 Árangur nemenda.....	24
6.1 Námsárangur	24
6.2 Miðannarmat/stöðumat	25
6.3 Umræður um töluleg gögn um námsárangur	25
7 Sumarnám í MS	25
8 Námssamfélag starfsmanna	26
8.1 Starfendarannsóknir.....	26
8.2 Þróunarverkefni	26
8.3 Endurmenntun.....	27
8.4 Erlent samstarf	27
9 Lokaorð	29
Heimildir.....	31

Listi yfir töflur og myndir


Mynd 1: Tímaáætlun einstakra þátta í sjálfsmatsáætlun MS til þriggja ára.	4
Mynd 2: Stúdentaútskrift vorið 2020	7
Mynd 3: Veggspjöld til þess að byggja upp námskraft nemenda (Hjördís Þorgeirsdóttir, 2019).....	13
Mynd 4: Samtenging viðmiða í áfangalýsingu við markmið í verkefnum.....	15
Mynd 5: Niðurstöður nemendakönnunar vorönn 2020	18
Mynd 6: Viðhorf starfsfólks til líðanar í vinnu vor 2020	19
Mynd 7: Samstarfsfólkið er jákvætt og hvetjandi vor 2020.....	20
Mynd 8: Viðhorf starfsfólks MS til starfsandans í MS vor 2020.....	20
Mynd 9: Ánægja með vinnuðastöðu samanburður vor 2019 og vor 2020	21
Mynd 10: Viðhorf kennara til faglegs samstarfs í deildum	21
Mynd 11: Viðhorf kennara í MS til upplýsingastreymis innan skólans árin 2018, 2019 og 2020.....	22
Mynd 12: Viðhorf kennara í MS til þess hvernig þeim tekst að innleiða verkefnabundið nám í kennslunni.	23
Tafla 1: Fjöldi nemenda haust, vetur og vor 2019-2020	6
Tafla 2: Skipting á námsbrautir haust 2019	6
Tafla 3: Skipting á námsbrautir vetur 2019	6
Tafla 4: Skipting á námsbrautir vor 2020	7
Tafla 5: Útskriftir voru þrjár Skólaárið 2019-2020	7
Tafla 6: Útskriftarnemendur skólaársins 2019-2020 eftir kynjum	8
Tafla 7: Starfsfólk skólaárið 2019 - 2020	8
Tafla 8: Meðaleinkunn nemenda skólaárið 2019-2020.....	24
Tafla 9: Dreifing einkunna skólaárið 2019-2020	24

1 Inngangur

Árlega setur Menntaskólinn við Sund sér markmið í samræmi við stefnu sína og kynnir aðgerðaáætlun. Í eftirfarandi skýrslu verður gerð grein fyrir helstu þáttum sjálfsmats og þróunarstarfs í MS með hliðsjón af markmiðum og aðgerðum MS 2019-2020.

Umbótaáætlun Menntaskólans við Sund (MS), nefnd aðgerðaáætlun hér á eftir, er sett fram í markmiðum og aðgerðum hvers skólaárs, kynnt á skólafundi í upphafi skólaársins og birt á heimasíðu skólans (<https://www.msund.is/skolinn/markmid-og-adgerdir>). Áætlunin er byggð á stefnu MS til þriggja ára, útkomu úr sjálfsmati fyrra skólaárs, þar á meðal niðurstöðum starfsmanna- og nemendakannana og samningum MS við samstarfsnefnd KÍ.

Sjálfsmatsáætlun sem er byggð á skólanámskrá og sjálfsmatsstefnu skólans er gerð til þriggja ára í senn og birt á heimasíðu skólans. Einnig er sett fram tímaáætlun fyrir hvern sjálfsmatsþátt, sjá mynd 1. Sjálfsmat skapar faglegan grundvöll að umbótastarfi og markmiðið er að nýta stofnanamenningu og mannauð skólans til að móta sjálfsmatsaðferðir MS.

 Sjálfsmatsáætlun MS til þriggja ára 2019-2022 Tímaáætlun einstakra sjálfsmatsþátta									
Sjálfsmatsþáttur	Haustönn 2019	Vetrarönn 2019	Vorönn 2020	Haustönn 2020	Vetrarönn 2020	Vorönn 2021	Haustönn 2021	Vetrarönn 2021	Vorönn 2022
Aðgerðaáætlun skólans									
Sjálfsmatsáætlun skólaárs									
Nemendakönnun									
Eftirlit með brotthvarfi og mætingu									
Starfsmannaviðtöl rektors við kennara									
Starfsmannakönnun									
Hugmyndabanki á Námsneti									
Mat á stjórnendum									
Tölfræði um námsárangur nemenda									
Starfendarannsóknir									
Fundur sjálfsmatshóps með tenglum nemenda									
Rýnihópur nemenda um nám í MS									
Fundur stjórnenda, fagstjóra og kennara faggreina									
Starfshópar um þróun skólastarfs									
Almenn þjónustukönnun									

Mynd 1: Tímaáætlun einstakra þátta í sjálfsmatsáætlun MS til þriggja ára.

Sé litið til tímaáætlunar til þriggja ára (mynd 1) er skemmst frá því að segja að skólanum tókst að fylgja flestum þáttum. Auk ofangreindra kannana fór fram könnun á námi og líðan nemenda eftir að skóla var lokað í mars vegna samkomubanns.

1.1 Sjálfsmatshópur MS

Skólaárið 2019-2020 var Þórunn Steindórsdóttir, kennari í félagsfræði, verkefnisstjóri sjálfsmats. Starfshópur um sjálfsmat skólans stýrir sjálfsmatsvinnunni en hann skipa verkefnisstjóri, konrektor, 3 fulltrúar kennara/starfsmanna, 2 fulltrúar nemenda og 1 fulltrúi forráðamanna. Verkefnisstjóri stýrir fundum sjálfsmatshópsins, ritar fundargerðir og árlega skýrslu um starf hópsins. Skólaárið 2019-2020 sátu eftirfarandi í sjálfsmatshópi MS: Helga Sigríður Þórsdóttir, konrektor, Þórunn Steindórsdóttir, sjálfsmatsstjóri, Brynja

Gunnlaugsdóttir, líffræðikennari og Unnur Sigmarsdóttir, efnafræðikennari sem fulltrúar starfsmanna. Jón Árnason og Benjamín Karl Styrmisson voru fastir fulltrúar nemenda á þessu skólaári úr Hagsmunaráði Nemendafélags MS. Eyrún Magnúsdóttir var fulltrúi foreldra í sjálfsmatshópnum skólaári 2019-2020.

Hópurinn hélt alls sjö fundi á skólaárinu 2019-2020, þrjá á haustönn 2019, tvo á vetrarönn 2019-2020 og tvo á vorönn 2020.

Skólaárið 2019-2020 var markmiðs- og aðgerðaáætlun um sjálfsmat með svipuðum hætti og árið áður. Áætlunin skiptist í árleg verkefni og ný verkefni. Árleg verkefni eru:

- Matshópur starfi áfram með 3 fulltrúum starfsmanna, 2 fulltrúum nemenda og að minnsta kosti einum fulltrúa forráðamanna auk sjálfsmatsstjóra og konrektors.
- Setja fram sjálfsmatsáætlun 2019-2022.
- Vinna sjálfsmatsskýrslu 2019-2020.
- Halda fund með tenglum nemenda.
- Þróa áfram starfendarannsóknir og fá nýja kennara með.
- Fundir stjórnenda með fagdeildum.
- Starfsmannaviðtöl rektors með nýjum starfsmönnum.
- Kennslukönnun í lok hvernar annar.
- Starfsmannakönnun vor 2020.
- Mat á stjórnendum vor 2020.
- Taka saman gögn um námsárangur í lok hvernar annar.
- Taka þátt í og safna gögnum fyrir ytra mat á skólastarfi

Nýtt verkefni í aðgerðaáætlun 2019-2020:

Unnið verði að gerð almennrar þjónustukönnunar sem verði lögð fyrir skólaárið 2020-2021

Um framkvæmd þessara verkefna er fjallað nánar hér á eftir í skýrslunni.

Sjálfsmatsstefnu MS er að finna á heimasíðu skólans: <https://msund.is/skolinn/stefna-skolans/sjalfsmatsstefna>

2 Almennar upplýsingar

2.1 Markmið

Frá skólaárinu 2015-2016 hefur Menntaskólinn við Sund boðið upp á möguleika á þriggja ára stúdentsprófi samkvæmt nýrri námskrá skólans. Skólaárið 2016-2017 var bekkjarkerfið lagt niður og námið skipulagt á þremur önnum yfir skólaárið. Nemendur geta valið á milli tveggja námsbrauta, félagsfræðabrautar og náttúrufræðibrautar. Innan hvorrar brautar geta nemendur valið um tvær námslínur. Innan félagsfræðabrautar eru það félagsfræði og saga eða hagfræði og stærðfræði og innan náttúrufræðibrautar eru námslínurnar líffræði og efnafræði eða eðlisfræði og stærðfræði. Fjölbreytni í náms- og kennsluháttum er lykilatriði í starfsemi skólans og í starfinu er haft að leiðarljósi að örva virkni og þátttöku nemenda. Mikil áhersla er lögð á verkefnabundið og samvinnutengt nám og unnið út frá kenningum um að byggja upp námskraft nemenda (BLP). Kennarar eru hvattir til fjöl- og nýbreytni í náms- og kennsluháttum og að taka þátt í þróunarstarfi (sjá kafla 3.2, 3.3 og 7).

Það er markmið skólans að bjóða nemendum góða þjónustu í skólasamfélagi sem einkennist af virðingu, trausti og hlýju á milli kennara og nemenda. Grunnildir skólans eru virðing, jafnrétti, ábyrgð og heiðarleiki. Námið á að stuðla að þroska einstaklingsins, styrkja hann og veita honum góðan undirbúning til frekara náms. Námið þarf að fela í sér þjálfun á vinnubrögðum, gagnrýna hugsun og hvatningu til sköpunar. Skólinn einsetur sér að vinna í samræmi við menntastefnu hvers tíma og vera leiðandi á sviði náms, námsaðferða og námsmats. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu MS: <https://msund.is/https://msund.is/namid/namsbrautir>

2.2 Nemendur

Nemendatölur miðast við fjölda nemenda við lokun vinnumats hverrar annar, þ.e. tíu kennsludögum eftir að kennsla hefst.

Tafla 1: Fjöldi nemenda haust, vetur og vor 2019-2020

	Haust 2019	Vetur 2019	Vor 2019
Allir	694	670	676
Piltar	331	313	319
Stúlkur	363	357	357

Tafla 2: Skipting á námsbrautir haust 2019

	Félagsfræði- og sögulína	Hagfræði- og stærðfræðilína	Eðlisfræði- og stærðfræðilína	Líffræði- og efnafræðilína	Alls
1. námsár	133		101		234
2. námsár	44	72	37	66	217
3. námsár	42	72	24	49	187
4. námsár	12	19	2	10	43
5. námsár	4	3	2	4	13
				Samtals	694

Tafla 3: Skipting á námsbrautir vetur 2019

	Félagsfræði- og sögulína	Hagfræði- og stærðfræðilína	Eðlisfræði- og stærðfræðilína	Líffræði- og efnafræðilína	Alls
1. námsár	32	97	34	68	232
2. námsár	45	70	32	66	213
3. námsár	43	70	23	49	185
4. námsár	10	12	2	7	31
5. námsár	2	2	2	3	9
				Samtals	670

Tafla 4: Skipting á námsbrautir vor 2020

	Félagsfræði- og sögulína	Hagfræði- og stærðfræðilína	Eðlisfræði- og stærðfræðilína	Líffræði- og efnafræðilína	Alls
1. námsár	38	99	35	68	240
2. námsár	44	73	32	70	219
3. námsár	43	69	23	48	183
4. námsár	9	10	2	6	27
5. námsár	2	1	1	2	6
6. námsár		1			1
				Samtals	676

Meðalaldur nemenda við skólann á skólaárinu 2019-2020 var 17,23 miðað við mars 2020.

Tafla 5: Útskriftir voru þrjár Skólaárið 2019-2020

	Félagsfræði- og sögulína	Hagfræði- og stærðfræðilína	Eðlisfræði- og stærðfræðilína	Líffræði- og efnafræðilína	Alls
30.11. 2019	5	9	0	4	18
07.03. 2020	1	1	0	3	5
30.05. 2020	37	57	22	40	156
					Alls brautskráningar á skólaárinu: 179



Mynd 2: Stúdentaútskrift vorið 2020

Mynd: Hafsteinn Óskarsson 2020

Tafla 6: Útskriftarnemendur skólaársins 2019-2020 eftir kynjum

Útskrift:	Drengir	Stúlkur	Alls
30.11. 2019	11	7	18
04.03. 2020	4	1	5
31.05. 2020	66	90	156
Samtals	71	98	179

2.3 Starfsfólk

Tafla 7: Starfsfólk skólaárið 2019 - 2020

	Haust 2019	Vetur 2019	Vor 2020
Kennarar	56	56	56
Þjónustusvið	14	15	15
Námsorlof	0	0	0
Fæðingarorlof		1	1
Veikindaleyfi	2	3	2
Leyfi	0	0	0
Samtals	72	75	74

Heildarfjöldi starfsmanna skólaárið 2019-2020, var 70 þar af voru starfandi kennarar 61, stjórnendur 4 og starfsmenn á þjónustusviði 15 en 4 þeirra teljast einnig til kennara. Fjórir kennarar voru í veikindaleyfi á skólaárinu og einn í fæðingarorlofi á vetrarönn og vorönn. Á þjónustusviði voru rúmlega 13 stöðugildi sem átta karlar og sjö konur sinntu. Þau skiptast þannig: fjórir stjórnendur, þar af einn í 75% starfshlutfalli við stjórnun en sinnir einnig kennslu, tveir námsráðgjafar, einn bókasafnsfræðingur, einn fjármálastjóri, tveir á skrifstofu, tveir tölvuumsjónarmenn í einni stöðu, einn umsjónarmaður húsnæðis, einn umsjónarmaður íþróttahúss og einn aðstoðarmaður.

Þeir sem sinntu kennslu í skólanum voru 61, þar af 20 karlmenn og 41 kona. Fullgild kennsluréttindi höfðu 59 og tveir leiðbeinendur í hlutastarfi með háskólapróf. Sjö kennarar hafa lokið doktorsprófi, 37 MA- eða MS-prófi og 17 hafa lokið BA-prófi.

Fjórir starfshópar voru starfandi innan MS á skólaárinu auk lögbundinna nefnda, skólanefndar og skólaráðs. Sjálfsmatshópur, starfendarannsóknarhópur, þróunarhópur um lærdómssamfélags með Vogaskóla og öryggisnefnd. Hópana skipa alltaf fulltrúar starfsfólks og í sumum þeirra eru einnig fulltrúar nemenda og forráðamanna, hóparnir eru flestir undir stjórn verkefnisstjóra. Að auki störfuðu verkefnastjórar án hópa að ýmsum verkefnum, þ.e. mætingarstjóri, endurmenntunarstjóri, hirðmeistari útskriftar, félagsmálafulltrúar, jafnréttisfulltrúi, forvarnarfulltrúi, verkefnastjóri með tvítýngdum nemendum og nemendum með annað móðurmál en íslensku og verkefnisstjóri með Námsnetinu.

3 Markmið og aðgerðir 2019-2020

Menntaskólinn við Sund skilar á hverju hausti stefnumiðaðari áætlun til þriggja ára til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Stefnunni er skipt í tvo megin þætti: Kjarnastarfsemi og rekstrarþætti. Í kjarnastarfsemi næstu þriggja ára hyggst skólinn leggja áherslu á að hækka útskriftarhlutfall árganga, halda brottfalli lágu og byggja upp seiglu nemenda. Í rekstrarþætti skólans til næstu þriggja ára er markmiðið að finna

jafnvægi í rekstri skólans, minnka kolefnisspor og knýja á um uppgjör á nýbyggingu skólans. Á hvert setur skólinn sér aðgerðaáætlun þar sem nánar er tilgreint hvaða markmiðum skuli stefnt að á skólaárinu og til hvaða aðgerða skuli grípa til að ná settum markmiðum. Bæði stefnumiðuð áætlun og aðgerðaáætlunin byggja á innra mati fyrra skólaárs. Skólaárið 2019 til 2020 var unnið að eftirfarandi markmiðum:

1. Mótun skólabrags
2. Þróun kennslufræði í takt við námskrá MS
3. Faglegt samstarf, starfsþróun og endurmenntun
4. Nám í MS
5. Umhverfismál, stjórnsýsla og rekstur
6. Afmæli skólans

3.1 Mótun skólabrags

Til þess að móta skólabrag sem er hvetjandi fyrir ungmenni og nám nemenda vinnur skólinn markvisst að því að byggja upp og bæta félagslíf nemenda, auka samstarf heimila og skóla, bæta umsjón með nemendum, styrkja fagstjórn í skólanum og vinna eftir aðgerðaráætlun gegn brotthvarfi.

3.1.1 Félagslíf og foreldrasamstarf

Það sem hingað til hefur verið talið hefðbundið félagslíf eins og leiklistarfélag, söngkeppni, kór og þátttaka í „Gettu betur“ hefur verið á undanhaldi í MS. Eftir að bekkjarkerfið rann sitt skeið og nám hins almenna nemanda var stytta í þrjú ár hefur gætt ákveðinnar hnignunar í fjölbreytileika í félagslífi nemenda. Nemendur hafa minni tíma til þess að prófa sig áfram og verða leiðtogar meðal jafningja. Það má segja að með auknum námshraða hafa nemendur takmarkaðan tíma til þess að sinna félagsstörfum. Félagsmálafulltrúar ásamt kennslustjóra vinna náið með nemendafélagi að því að efla félagslífið og finna nýjar leiðir til þess að ná til stærri hóps nemenda.

Foreldrasamstarf við skólann hefur verið eflt undanfarin ár og greiða langflestir forráðamenn valkvæða greiðslu til foreldrafélagsins. Foreldrar halda aðalfund og fræðslufund einu sinni á ári, styrkja edrúpottinn, sinna foreldragæslu á dansleikjum skólans og eiga fulltrúa í sjálfsmatshópi skólans og í skólanefnd. Nokkrir forráðamenn hafa, að eigin frumkvæði í nánú samstarfi við stjórnendur og nemendafélagið, unnið að því að finna leiðir til þess að rjúfa félagslega einangrun nemenda. Þessi foreldrahópur fékk í lok skólaársins tvo styrki til þess að fara formlega af stað með verkefnið og kom annar þeirra frá Tjarnarsjóðnum sem er sjóður útskriftarárgangs 1977 frá MS. Verkefnið verður unnið á næsta skólaári.

3.1.2 Umsjón og valdagar

Áfram var unnið að því að bæta umsjónarkerfið í skólanum. Umsjónarkennarar hitta nemendur sína á sex umsjónarfundum yfir veturinn. Sökum þess hve umsjónarfundir eru fáir hafa kennarar og nemendur ekki náð þeim tengslum sem æskilegt væri. Umsjónarfundir fara fram í upphafi hverrar annar og um miðja önn, rétt fyrir valdag. Valdagar nemenda voru færðir yfir í rafrænt umhverfi á vordögum og tókst tilraunin vonum fram. Áfram verður unnið að því að þróa valkerfið í MS sem er frábrugðið því sem almennt gerist í áfangaskólum að því leyti að nemendur velja langt fram í tímann en ekki fyrir hverja staka önn. Þetta gerir það að verkum að auðveldara er að skipuleggja

kennsluskiptingu kennara fyrir hvert skólaár fyrir sig. Áfram verður unnið að því að þróa kerfi þar sem nemendur hafa betri yfirsýn fyrir námsferil sinn og námsval heldur en Inna býður upp á.

3.1.3 Fagstjórn og verkefnisstjórn með tvítyngdum nemendum

Á skólaárinu komst meiri reynsla á nýtt fyrirkomulag fagstjórnar í skólanum eftir að fagstjórum var fækkað úr 16 í 8 haustið 2018. Stjórnendur voru með fastan fundartíma með fagstjórum a.m.k. einu sinni í mánuði: við upphaf hvern annar, eftir miðannarmat og fyrir lok hvern annar. Við skólalokun í mars 2020 vegna heimsfaraldurs Covid19 varð leiðtogahlutverk fagstjóra enn mikilvægara en áður. Stjórnendur funduðu örar með fagstjórum og fagstjórar funduðu oftast með sínum deildum til þess að halda góðum tengslum við kennara á meðan þeir unnu að heiman. Fjarfundir hafa reynst vel til þess að sameina kennara innan einstakra deilda. Í starfsmannakönnun vorið 2020 kemur fram að nýtt fyrirkomulag fagstjórnar frá 2018 er að festa sig í sessi. (Starfsmannakönnun MS 2020) Annað árið í röð starfaði verkefnisstjóri með tvítyngdum nemendum og nemendum með annað móðurmál en íslensku. Skólinn nær nú til mun fjölmennari hóps tvítyngdra nemenda en áður. Mesti tími verkefnisstjóra fór í að reyna að fá upplýsingar frá öðrum skólum um matsaðila, safna nöfnum yfir matsaðila á einn stað og aðstoða nemendur við að fá þekkingu sína í erlendum tungumálum metna. Starf verkefnisstjóra var þetta skólaárið kynnt betur fyrir fagstjórum og öðrum kennurum skólans með það að markmiði að ná betur til tvítyngdra nemenda og nemenda með annað móðurmál en íslensku í MS. Verkefnisstjóri óskar eftir meiri umræðu um stöðu nemenda með annað móðurmál en íslensku í skólanum og bendir á mikilvægi þess að koma upp námsaðstoð í íslensku fyrir þá. (Nína Rúna Kvaran, 2020).

3.1.4 Að byggja upp seiglu nemenda

Stefna MS í námi og kennslu er að byggja upp námskraft nemenda. Til þess að móta stefnuna og viðhalda henni hafa kennarar verið sendir á námskeið og í námsferðir, fyrirlestrar verið haldnir í skólanum og sett upp veggspjöld með leiðbeiningum sem hjálpa nemendum að ná lengra á eigin spýtur (sjá kafla: 8.1 og 8.2). Verkefnið „Nám í MS“ er komið inn á þriðja skólaárið og felur í sér að samræma viðmið áfanga í námskrá við verkefni og próf í áföngum. Verkefnið hefur gengið vel og á vonandi eftir að bæta gæði náms í skólanum. Nemendur eru markvisst upplýstir um markmið verkefna og tilgang þeirra í námsferlinu (sjá kafla 3.4). Námsárangur í MS er almennt góður og er fall í áföngum aðeins lægra en undanfarin ár. Hlutfall falleinkunna á skólaárinu 2019-2020 var 7% á haustönn, 8% á vetrarönn 2019 og 8% á vorönn 2020 og er nokkuð nálægt þeim viðmiðum sem skólinn setti fram í stefnumiðaðari áætlun til ráðuneytis.

Um miðja hverja önn skila kennarar inn miðannarmati í öllum áföngum. Nemendur sem fá ófullnægjandi á miðannarmati fá vinsamlega ábendingu frá kennslustjóra um að taka sig á og leita ráða hjá námsráðgjafa. Nái nemendur ítrekað ekki lágmarksviðmiðum áfanga og eða mæti illa lenda þeir í svokölluðu námsframvinduúrræði undir sérstöku eftirliti námsráðgjafa. Úrræðið snýst um að sníða námið betur að aðstæðum einstakra nemenda og fækka áföngum í 2 eða 3 eftir því sem talið er að nemandinn ráði við. Þó svo að skólinn líti svo á að þetta sé sérstök þjónusta við nemendur þar sem þeir eru aðstoðaðir við að

finna sinn takt í náminu, kjósa margir nemendur að líta á námsframvinduúrræðið sem refsingu og reyna að koma sér undan því.

3.1.5 Lágt brotthvarf og hærra útskriftarhlutfall

Það er markmið í MS að hækka útskriftarhlutfall árganga í skólanum. Samkvæmt þriggja ára áætlun er markmiðið að hækka útskriftarhlutfallið úr 60% eftir þriggja ára nám eins og það var vorið 2018 í 73% árið 2020 og 75% árið 2022. Skemmst er frá því að segja að haustið 2017 hóf 191 nemandi í árgangi 2001 nám í skólanum. Á vetrarönn 2019-2020 var útskrifaður einn nemandi úr þessum hópi og aðrir 136 vorið 2020. Útskriftarhlutfall árgangs 2001 úr MS eftir 3. ára nám er því 71%.

Á skólaárinu 2019-2020 var áfram unnið eftir aðgerðaráætlun gegn brotthvarfi. Í aðgerðaráætlun gegn brotthvarfi kemur fram verklag skólans í þessum efnum og hvernig kennarar með kennsluháttum og viðhorfi geta komið til móts við nemendur og eftir námskraft þeirra (Anna Sigurðardóttir, 2017). Sú breyting hefur orðið á verklagi hvað brotthvarf í framhaldsskólum varðar að ráðuneytið reiknar nú út brotthvarf og sér alfarið um tölfræðilegu útfærsluna á þeim efnisþætti. Skólinn hefur hins vegar haldið áfram að halda mjög fast utan um nemendur í vanda og fylgja eftir þeim nemendum sem segja sig úr námi. Kennslustjóri leiðir þessa vinnu í samráði við mætingarstjóra og námsráðgjafa en á þessu tímabili hefur verklagið verið aðlagað að nýjum aðstæðum í tengslum við Covid heimsfaraldurinn. Á vorönn 2020 var tekin sú stefna að halda lista yfir þá nemendur sem kennarar töldu vera að missa fótanna og halda sérstaklega utan um þann hóp. Ekki verður séð að nemendur hafi hrökklast marktækt meira úr námi á vorönn þrátt fyrir krefjandi aðstæður en það blasir við að margir glímdu við erfiðleika og stóðu sig verr en áður námslega. Þegar hópur þeirra 22 nemenda sem hættu í annarlok er skoðaður er áberandi að þetta eru mikið til eldri nemendur, fæddir 2000 og 2001, sem hafa misst af lestinni og finna sig ekki lengur í skóla þar sem mikill meirihluti nemenda er undir 18 ára aldri. Í viðtölum við þennan hóp í lok september 2020 er það rauður þráður að þeim fannst þau vera komin á leiðarenda í MS og vildu leita annað. Langflest gera það og skrá sig í nám í öðrum skólum en þó eru nokkur, 4 einstaklingar, sem tóku hlé frá námi og hafa í hyggju að halda áfram síðar. Ljóst er að mikill meirihluti þessara einstaklinga mun ljúka stúdentsprófi á næstu misserum, þó eru alltaf nokkrir einstaklingar sem glíma við erfiðleika og munu líklega lenda í einhverjum áskorunum á leiðinni sem koma í veg fyrir útskrift.

Á haustönn 2020 var farin sú leið að leggja áherslu á ástundun nemenda og námslega virkni fyrst og fremst. Fylgst er náið með skráningum á Innu og haft samband við þá einstaklinga sem fá skráð "F" í verulegu magni (samviskusamir nemendur sem halda góðum takti í náminu eru nær eingöngu með M og O skráð í Innu). Ljóst er að í skólanum er hópur nemenda sem á erfitt með að fóta sig en hann er alls ekki óvenjulega stór þrátt fyrir sérstakar aðstæður, um 100 nemendur eru undir lágmarksviðmiðum á miðannarmati haustið 2020 og þar af eru um 20 í alvarlegri stöðu sem er fyllilega sambærilegt við tölfræði fyrri ára.

Sem fyrr gerir mætingarstjóri reglulega upp skólasókn, þrisvar á hverri önn. Mætingarstjóri leggur áherslu á að senda hróspósta til þeirra sem mæta vel og aðstoðar kennslustjóra við að hvetja áfram hina sem ströggla. Nemendur eiga hrós skilið, þau hafa sýnt mikla getu og vilja til að standa sig þrátt fyrir frekar niðurdrepani aðstæður síðan í

mars 2020. Því má þó ekki gleyma að erfitt er að leggja mat á langtímaáhrif þess mikla álags sem hefur verið á skólana og samfélagið í heild, gera má ráð fyrir því að margir nemendur sem eru að standa sig núna séu orðnir langþreyttir og verðum við að vona að ekki skelli á skólakerfinu höggbylgja á næstu mánuðum ef stórir hópar nemenda missa fótanna.

Almennt er stefna skólans óbreytt, við styðjum nemendur eins og kostur er með það að marki að enginn verði skilinn eftir. Áskoranirnar í þessum málaflökki eru enn þær sömu, að finna þá nemendur sem glíma við erfiðleika og reyna að efla þau til að finna leiðir til að yfirstíga vandann. Nemendur yfir 18 ára aldri sem glíma við persónulega erfiðleika og ná ekki fótfestu í náminu eru enn sá hópur sem er lang líklegastur til að missa móðinn og gefast upp í náminu. Sérstaklega á þetta við um þá nemendur sem ná ekki að klára námið á 10, 11 eða 12 önnum, þau missa því miður sum hver sjálftraustið og skammast sín fyrir að vera elst í skólanum. Úrræði skólans felast í því að ná til þessara nemenda og fá þá til að koma í skólann og sækja sér ráðgjöf og stuðning en sú stoðþjónusta dugar ekki öllum.


Með það að markmiði að lágmarka brotthvarf, er vinnureglan sú að kennslustjóri og mætingarstjóri boða nemendur í viðtöl með forráðamönnum, hafi nemandi ekki náð 18 ára aldri og mætingarhlutfall reynist undir viðmiðunarmörkum. Lögð er áhersla á að um hvatningarviðtal sé að ræða til þess að leita úrlausna. Skólinn er sveigjanlegur og reynir ávallt að finna leiðir til að halda viðkomandi nemendum áfram í námi, nemendum er ekki vísað úr skóla þrátt fyrir að mæting sé slök heldur er frekar reynt að draga úr námsálagi og bjóða stuðning. Skólinn býður nemendum sem ekki hafa náð viðmiðum að skrifa undir námssamning og tryggja sér þannig skólavist á næstu önn, þau eru tilbúin til þess og upp til hópa mæta þessir nemendur á tilskildum tíma til að undirrita samninginn sinn.

Nemendur halda fast í skólavistina og mikill meirihluti þeirra kemst blessunarlega aftur á beinu brautina. Til marks um þetta má nefna að skólinn hefur síðustu annir útskrifað fjölmarga nemendur sem áttu mjög erfitt námslega en héldu sér inni í skólanum og sýndu seiglu þar til að eitthvað gerðist og þau fullum námsstyrk að nýju. Lítil breyting hefur orðið á brotthvarfi í MS frá þeim góða árangri sem skólinn hefur náð undanfarin ár þrátt yfir fordæmalausar aðstæður í skólakerfinu. Sveigjanleiki þriggja anna kerfisins virðist stuðla að því að nemendur halda áfram í námi þótt þeir glími við mikla erfiðleika. Nokkur hreyfing er á nemendum við annarskil en það virðist fyrst og fremst vera eðlileg færsla milli skóla þar sem nemendur taka upplýsta ákvörðun um að prófa nýja hluti, sem er alls ekki óeðlilegt. Skólinn hvetur nemendur einmitt til að vera heiðarlega við sjálfa sig og gagnrýna á námið og ef þeim líst vel á nám í öðrum skóla fá þau ráðgjöf og stuðning til að taka ákvörðun um að fara annað eða vera um kyrrt. Skólinn hefur sett upp verklag sem miðar að því að halda sérstaklega utan um þann hóp nemenda sem segir sig úr námi. Þetta er gert með því að safna saman upplýsingum úr Innu og með því að hringja í nemendur nokkrum mánuðum eftir úrsögn úr námi. Þessi eftirfylgni hefur skilað skólanum gagnlegum upplýsingum um bakgrunn og upplifun þessa hóps á skólanum. Niðurstaðan er sú að brotthvarf eins og það er skilgreint af menntamálaráðuneytinu er afar lítið í MS nú eins og síðustu ár. Afgerandi meirihluti þeirra nemenda sem skráir sig úr námi í MS fer beint í aðra skóla og heldur áfram námi, svo virðist vera að af þeim 67 nemendum sem skráðir voru úr námi á tímabilinu okt19-okt20 verði sennilega innan við 5 einstaklingar sem lenda í langvarandi erfiðleikum námslega.

Auk umfangsmikils mætingareftirlits fer fram miðannarmat í hverjum áfanga um miðja önn. Konrektor tekur matið saman og biður fagstjóra í hverri deild að ræða niðurstöðurnar við samstarfsfólk sitt og greina hvort ástæða væri til að endurskoða verklag í viðkomandi fagdeild. Með miðannarmati má greina hvaða nemendur eru í vandræðum námslega og þar með í aukinni brotthvarfshættu. Skólinn fer yfir gögn um miðannarmat og hefur samband við þá nemendur sem koma illa út. Nemendum sem fá ófullnægjandi námsmat í tveimur greinum eða fleiri er bent á að leita til námsráðgjafa.

3.2 Þróun kennslufræði í takt við nýja námskrá

Stefna skólans í námi og kennslu er að efla námskraft nemenda (e. learning power), gera þá að sjálfstæðum námsmönnum með það að markmiði að minnka brotthvarf frá námi og fjölga þeim sem klára stúdentspróf við skólann. Annars vegar tengist þessi stefna Hvítbók menntamálaráðherra frá 2014 og hinsvegar hugmyndafræði Guy Claxton (Guy, 2006) um (LPA) „Building learning power Approach“ sem skólinn starfar eftir. Hugmyndafræðin birtist helst í náms- og kennsluaðferðum við skólann sem ganga út á að nota fjölbreyttar aðferðir.

Hvað gerir nemandi með mikinn námskraft?	Hvað er til ráða þegar maður strandar?
 <ul style="list-style-type: none"> • Spyr spurninga • Les • Gagnrýnir • Prófar sig áfram • Fær hugmyndir • Rökræðir • Hermir eftir • Hefur frumkvæði • Tekur þátt í umræðum • Ígrundar • Setur sig í spor annarra • Framkvæmir <p>Byggt á Claxton, Guy. (2018). The Learning Power Approach. Hjördís Þorgeirsdóttir 2019</p>	 <ul style="list-style-type: none"> • Lesa spurninguna/verkefnið aftur • Skipta spurningunni/verkefninu niður í hluta • Spyrja vin • Hvað veit ég nú þegar sem gæti hjálpað mér? • Fletta upp í kennslubókinni • Fletta upp í glærum á námsnetinu • Fletta upp í orðabók • Fletta upp á netinu • Ræða um vandamálið • Fara á aðra spurningu/annað verkefni og koma aftur að þessari/þessu síðar <p>Byggt á Claxton, Guy. (2018). The Learning Power Approach. Hjördís Þorgeirsdóttir 2019</p>

Mynd 3: Veggspjöld til þess að byggja upp námskraft nemenda (Hjördís Þorgeirsdóttir, 2019)

Unnið var á margvíslegan hátt að því að auka virkni og þátttöku nemenda í námsferlinu og nokkrar starfendarannsóknir voru gerðar á slíkum tilraunum. Ber þar að nefna, „Samanburð á viðmiðum áfanga og verkefnum nemenda“ sem Dóra Kristín Sigurðardóttir hagfræðikennari gerði í samvinnu við sína nemendur, „Tilraun á samþættingu kennslu í íslensku og líffræði“ sem Hjördís Alda Hreiðarsdóttir og Þóra Víkingsdóttir stóðu fyrir og verkefnið „Að kenna um lýðræði á lýðræðislegan hátt“ sem Gunnvör Rósa Eyvindardóttir vann. Sjá nánar í kafla 3.3 og 8.1 um námssamfélag starfsmanna. Auk þess hafa nokkrar námsferðir starfsmanna á vegum Erasmus+ snúist um að auka þekkingu kennara og stjórnenda á því hvernig efla megi námskraft nemenda.

3.3 Faglegt samstarf, starfsþróun og endurmenntun

Helstu liðir í endurmenntun og starfsþróun starfsmanna á skólaárinu voru: Skólaheimsókn 40 kennara og starfsmanna á haustdögum til Kanada, starfendarannsóknir kennara, „Nám í MS“ og fræðslufundur fyrir alla starfsmenn auk þróunarverkefnis skólaársins sem gekk út á að byggja upp lærdómssamfélag með Vogaskóla. Erlent samstarf hefði í heild sinni getað orðið mjög blómlegt á skólaárinu en vegna Covid 19 lagðist það í dvala í byrjun mars 2020. Þrjú hópar alls 8 starfsmanna fóru á ráðstefnur og námskeið til útlanda í september til desember 2019 auk fyrrnefndrar starfsmannaferðar til Kanada í október. Ferðin sameinaði bæði námsferð starfsmanna og menningar- og skemmtiferð og eflði starfsandann. Toronto varð fyrir valinu þar sem menntakerfi Ontariofylkis er talið framúrskarandi á heimsvísu ef miðað er við upplýsingar úr PISA rannsókn OECD, nánar er fjallað um námssamfélag starfsmanna og erlent samstarf á árinu í 8. kafla.

Ráðstefnan „Menntun til framtíðar“ var haldin í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti föstudaginn 20. september 2019. Kennarar og starfsmenn úr MS héldu 5 erindi af 36 á ráðstefnunni. Erindi MS-inga voru: „Að kenna um lýðræði á lýðræðislegan hátt“ eftir Gunnvöru Rósu Eyvindardóttur, „Verkefnabundin kennsla í líffræði“ eftir Þóru Víkingsdóttur, „Samvinnunám í Brennu-Njálssögu“ eftir Hjördísi Öldu Hreiðarsdóttur og Sigurrósu Erlingsdóttur, „Námskraftur nemenda og leiðsagnarnám - starfendarannsókn“ eftir Hjördísi Þorgeirsdóttur og „Þróunarverkefni um leiðsagnarnám í MS“ eftir Helgu Sigríði Þórsdóttur konrektor.

Skjalastjórnunarkerfið GoPro var tekið upp í skólanum og þurftu starfsmenn á þjónustusviði að læra á það. Skjalavarsla er á höndum skrifstofustjóra sem er einnig persónuverndarfulltrúi skólans.

Vegna þróunarverkefnis um að stofna faglegt lærdómssamfélag milli MS og Vogaskóla var samstarf skólanna töluvert meira en venjulega og verður því verkefni lýst nánar í kafla 8.2.

3.4 „Nám í MS“

Kennarar í MS geta sótt um þróunarstyrki til skólans tvisvar á ári. Samstarfsnefnd starfsmanna í KÍ og stjórnenda fer yfir umsóknirnar. Að þessu sinni veitti skólinn fjölda þróunarstyrkja til kennara sem unnu að samþættingu markmiða í námskrá og verkefna í áföngum í samræmi við þróunarverkefnið „Nám í MS“. Hér fyrir neðan má sjá mynd af því hvernig kennarar áfanga drógu saman markmið þeirra og verkefni. Á mynd 4 má sjá hvernig námsmarkmiðum hefur verið bætt við myndina. Þegar hafa kennarar skilað slíkum skjölum um yfir helming áfanga í skólanum og verður verkefninu lokið á næsta ári. Sjá mynd 4.

FÉLAZKROS		Haustönn 2019		TENGINA SAMAN VIÐMIÐ Í ÁFANGALÝSINGU OG MARKMIÐ MED VERKEFNUM NEMENDA										HJÓRÐIS ÞORGEIRSDÓTTIR					
NÁM/VERKEFNI		Innlegg kennara glærur	Lestur kennslubókar	Próf	Hugtaka- listar	Námsvörir Dagbók X 11 færslur	Veggspjald um frumkvöðul	Val á rannsóknar- aðferð	Umræður um ýmis mállefni	Telkni- mynda- saga	Beita kenningum á valin efni	Semja próf- spurningar	Náms- upplifun x 2	Hvað kann ég? Hvað hef ég lært?	Sjálfsmat	Mat á áfanga	Fátækt	Rannsókn + skýrsla	Lokaverkefni + skýrsla
DEKKINGARVIÐMIÐ:																			
PEKINGARVIÐMIÐ: All nemendur hafi þátt í einni eða fleiri verkefnum þessara þinglagra í.	Tilgangi kenninga í félagsfræði þarig að nemendur geti tilsið og röðstær hugmyndir um samvirkni, stjórna- og samráðskenningar.	x	x	x	x					x	x	x						x	
	Öllum rannsóknaraðferðum í félagsfræði.	x	x	x	x					x								x	x
	Frumkvöðlum félagsfræðinnar og þeirra framfari til frábarna.	x	x	x	x					x									
	Félagsfræði líbandi stundar s.s. femískri félagsfræði og póstmóðernisma	x	x	x	x								x						
Hugtökum í félagsfræði sem nýtast þeim til undirbúnings fyrir frekari nám.	x	x	x	x					x	x	x	x					x	x	
LEIKNIVÍÐMIÐ:																			
LEIKNIVÍÐMIÐ: All nemendur hafi átt hlutverk í að	Greina á milli kenningaranna í félagsfræðinnar og beita þeim á lík vöðfangsefni.										x	x						x	
	Greina á milli félagslegra staðreynda og almennra afþýðisáhrifa og geta tilsið lag á skýran, skýran og skýrandi hátt um samfélagslag áttamál.										x	x						x	x
	Skýpdeggja vinnufarir félagsfræðinnar og beita vöðfangandi rannsóknaraðferðum á öð vöðfangsefni.					x		x	x	x	x	x						x	x
HÆFNIVÍÐMIÐ:																			
HÆFNIVÍÐMIÐ: All nemendur hafi átt hlutverk í að	Beita félagsfræðingum hugtökum og kenningum við greiningu og túlkun á samfélagsi.									x	x	x						x	x
	Skýra og túlka eigin aðstæður út frá hugmyndfræði félagsvísinda.					x				x								x	x
	Getu lagt mat á rannsóknir í félagsvísindum.																	x	x
	Lagga mat á hvaða rannsóknaraðferðir beita best við mismunandi aðstæður og á mismunandi rannsóknarefni.										x							x	x
	Getu metið eigin vinnufarir og annarra.					x								x	x	x	x	x	x
NÁMSVIÐMIÐ:																			
NÁMSVIÐMIÐ: All nemendur hafi átt hlutverk í að:	Lesi til að greina aðaláhrif í félagsfræðingum texta.	x	x	x	x		x		x		x	x						x	x
	Beita rökfugun.	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x					x	x
	Beita skapandi hugun.			x						x			x	x				x	x
	Mála efni til sammenemnda á skýran hátt.									x								x	x
	Skýra rannsóknarskýrslu.																	x	x
	Beita öguðum vinnufarirum í heimildavennu.							x				x	x					x	x
	Sýna félagsfræðni í hópsinnu.					x		x	x	x	x	x	x					x	x
	Sýna segju og þrautsegju í verkefnavinnu.				x	x		x	x		x	x	x					x	x
	Að þiggja upp námskraft nemenda	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x

Mynd 4: Samtenging viðmiða í áfangalýsingu við markmið í verkefnum

Á skólaárinu stóð til að halda tvo vinnudaga „Nám í MS“ þar sem allir starfsmenn færu út úr húsi og ynnu saman að því að bæta skólustarfið. Fyrri fundurinn fór fram á Hótel Glymi í október 2019. Flest allir starfsmenn og nokkrir fulltrúar nemenda mættu og ræddu saman í minni hópum um hvað skólinn, kennarar og nemendur geta gert til þess að efla námskraft nemenda, við hvaða aðstæður er líklegast að nám fari fram og hvaða áskorunum skólinn stendur frammi fyrir þegar kemur að því að byggja upp námskraft nemenda. Umræður fóru fram með svokölluðu heimskaffisfyrirkomulagi og stýrðu fagstjórar hópunum. Almenn ánægja var með verkefnið og reiknuðu allir með framhaldi að vori. Seinni fundurinn var hins vegar aldrei haldinn, en í stað hans var farið í heilsueflingu með alla starfsmenn á Hótel Örk í byrjun júní 2020 þegar fyrsta bylgja Covid 19 var yfirstaðin.

3.5 Umhverfismál, stjórnsýsla og rekstur

Stefnt er að því á sérhverjum tíma að nýta sem best húsnæði, fjárframlög og þann mannauð sem Menntaskólinn við Sund hefur yfir að ráða.

3.5.1 Umhverfismál

Umhverfismál eru hátt skrifuð í skólanum og er það markmið skólans að auka umhverfisvitund nemenda og starfsmanna. Græn skref 1 og 2 í ríkisrekstri hafa þegar verið uppfyllt, unnið var áfram að bættari umgengni meðal nemenda, flokkunartunnum fjölgað og nemendur uppfræddir um mikilvægi þess að flokka rusl sitt í skólanum. Í lok skólaársins var ákveðið að skólinn myndi frá og með haustinu 2020 vinna að því að verða Grænfánaskóli og er sú vinna þegar hafin.

Skólinn færir grænt bókhald og hefur gert það síðan 2015. Grænt bókhald er fært mánaðarlega og skilað inn árlega. Umtalsvert hefur sparast með minni orkunotkun,

hækkuðu hlutfalli endurnýjanlegs sorps og samdrætti í pappírnotkun. Frá árinu 2016-2017 hefur notkun á rafmagni og heitu vatni dregist umtalsvert saman.

Þann fyrsta janúar 2019 hófst kolefnisjöfnun allra námsferða í MS, bæði starfsmanna og nemenda. Í kolefnissjóð fer sú upphæð sem þarf til þess að kolefnisjafna hverja námsferða ráðstefnuferð sem farin er á vegum skólans. Nemendur sem fóru í nemendaferðir til Parísar og Berlínar greiddu í sjóðinn á skólaárinu auk þess sem allar Erasmusferðir starfsmanna og starfsmannaferð til Kanada voru kolefnisjafnaðar. Við lok næsta skólaárs verður haldin umhverfisvika og er þá fyrirhugað að planta trjám í reit skólans í Heiðmörk fyrir fé úr sjóðnum.

Starfsmenn eru hvattir til þess að nota vistvænan ferðamáta á ferðum sínum um borgina. Fyrir upphaf skólaársins var sett upp hleðslustöð fyrir rafbíla fyrir nemendur og starfsmenn skólans. Skólinn festi kaup á 2 reiðhjólum þar sem annað hjólið er rafknúið og eru hjólin fyrir starfsfólk til afnota á vinnutíma. Búningsklefar fyrir starfsfólk voru lagfærðir og unnið að undirbúningi uppsetningar reiðhjólaskýlis sem var síðan reist sumarið 2020.

Á haustdögum 2019 var innleitt skjalastjórnunarkerfi. Í kerfið eru skráð ákveðin mál sem unnið er að hverju sinni auk þess sem skjöl fara þangað til varðveislu. Markmiðið er að í framtíðinni verði nær eingöngu safnað rafrænum skjólum sem verður skilað rafrænt til Þjóðskjalasafns.

3.5.2 Rekstur skólans

Skólaárið 2019-2020 var framboð áfanga gott og hópanýting eins og best er á kosið. Nemendafjöldi var aukinn á skólaárinu en eftir sem áður er mikið aðhald í rekstri skólans og augljóst að reiknilíkan MRN hentar Menntaskólanum við Sund, námskrá skólans og aldurssamsetningu starfsmanna afar illa. Auk þessa hefur skólinn ítrekað glímt við áföll og veikindi meðal starfsmanna undanfarin ár. Sjá Ársskýrslu Menntaskólans við Sund, 2019: https://www.msund.is/media/2020/05/07/3upjdsvi80_Arsskyrsla_MS_2019.pdf). Stefnt var að því að skólinn skilaði rekstrarafgangi árið 2020 en á þessum tímamarki er nokkuð ljóst að kórónuveirufaraldurinn hefur veruleg áhrif á rekstur skólans árið 2020 og sá rekstrarafgangur sem stefnt var að er ekki í auglýsni.

3.5.3 Uppgjör vegna nýbyggingar

Stjórnendur MS hafa ítrekað kallað eftir að lokauppgjöri vegna nýbyggingar við skólann sem var tekin í notkun árið 2016 og leigukostnaði sem MS þurfi að standa straum að á byggingartímanum. Stjórnendur eru langþreyttir á því að vera mitt á milli í deilu Ríkiseigna og byggingaraðila. Byggingin hefur enn ekki verið formlega afhent skólanum, hún lekur og ákveðin svæði liggja undir skemmdum. Það er brýnt að gert verði við bygginguna svo heilsu fólks verði ekki stefnt í hættu. Það hefur tekið orku og þrek stjórnenda undanfarin ár að fá viðgerðir á nýbyggingunni og ástandið er algjörlega óviðunandi. Á haustmánuðum 2020 er útlit fyrir að það fari að rofa til í þessum málum.

3.6 50 ára afmæli Menntaskólans við Sund

Þann 1. október 2019 varð MS 50 ára. Afmælisárið hófst með hátíðarhöldum og heimsókn bæði forsætisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra í skólann. Þann 2. október var kennsla felld niður eftir hádegi og fengu nemendur tónlistarmanninn Friðrik Dór til þess að halda uppi fjörinu. Skólinn bauð upp á grillveislu og afmælisöku. Í nóvember var skólinn aðili að ráðstefnu sem Félag áhugafólks um skólaþróun hélt í skólanum til heiðurs

Hafþóri Guðjónssyni fyrrverandi kennara við skólann og ytri ráðgjafa í starfendransóknum. Var kennurum skólans sérstaklega boðið á ráðstefnuna í tilefni af afmæli skólans. Til stóð að fræðikonan Jean McNiff kæmi til landsins og myndi halda námskeið og erindi um starfendransóknir fyrir kennara og starfsfólk í MS í apríl mánuði. Vegna Covid19 varð ekki af þeirri heimsókn og féll hún niður.

4 Kannanir

Til þess að meta nám og kennslu, þjónustu í skólanum, starfshætti og starfsskilyrði eru lagðar kannanir bæði fyrir starfsmenn, nemendur og forráðamenn þeirra. Einnig er haldinn a.m.k. einn rýnifundur á ári með nemendum.

4.1 Nemendakönnun

Nemendakannanir eru lagðar fyrir alla nemendur í lok hverrar annar. Spurningalisti fyrir nemendakönnun var endurskoðaður á haustönn 2019 og ýmsar breytingar gerðar. Sami spurningalisti var lagður fyrir á haust- og vetrarönn 2019 en í ljósi breyttra kennsluhátta og fjarkennslu á vorönn 2020 var lögð fyrir ný og breytt könnun á vorönninni þar sem spurt var út í kennsluhætti og líðan nemenda á fjarnámstímanum. Hugmyndabanki er opin á Námsnetinu. Þar hafa nemendur kost á að koma hugmyndum sínum og afstöðu til skólastarfsins á framfæri. Athugasemdir sem þangað koma tengjast yfirleitt húsnæðismálum og félagslífi frekar en kennurum og kennsluháttum.

Niðurstaða nemendakönnunar á haustönn 2019 var 4,1, á vetrarönn 2019 4,02 og á vorönn 3,9 af 5 mögulegum. Hæstu meðaltölín eru fyrir hæfilegan fjölda prófa, einstaklings- og hópverkefna 4,2- 4,3 en lægsta meðaltalið er fyrir hversu mikið eða lítið kennarinn notar Námsnetið fyrir efni tengt áfanganum. Lækkaði þessi einkunn úr 3,9 í 3,7 á haust og vetrarönn en hækkaði örlítið aftur á vorönn. Nokkur breytileiki er í einkunnum kennara. Heildareinkunnir kennara með lökustu einkunnirnar eru á bilinu 2,24 til 3,2 og þeir kennarar sem hæst koma út eru á bilinu 4,3 til 5,0. Mikið hefur verið rætt í skólanum hvernig megi auka þátttöku nemenda í könnunum á vegum skólans. Undanfarin ár hafa 50-60% nemenda tekið þátt í nemendakönnunum á vegum skólans en jókst þátttakan í ár í 60-70% á haust- og vetrarönn en dalaði aftur á vorönn þegar skólinn var lokaður fyrir nemendum, þá var svarhlutfallið aðeins 49%. Mynd 4 sýnir meðaltalið af hverri spurningu á vorönn 2020. Niðurstöður nemendakannana skólaárið 2019-2020 og 2018-2019 voru heldur betri en árin á undan. Árið 2017-2018 var meðaltalið 3,7 og árið 2015-2016 3,9. Heildarniðurstöður úr nemendakönnunum eru sendar til allra starfsmanna, kynntar á heimasíðu skólans og á kennarafundum.

Niðurstöður hvers kennara eftir námshópum og samanburður við árgang og heildina eru opnar á Námsnetinu fyrir hvern kennara eftir annarlök. Leitast er við að taka mið af niðurstöðum nemendamatsins í aðgerðaráætlun hvers árs. Einnig eru niðurstöður nemendakönnunar nýttar sem grunnur í starfsmannaviðtölum rektors við kennara.



Mynd 5: Niðurstöður nemendakönnunar vorönn 2020

4.2 Umræðufundur með nemendum

Til þess að fá frekari upplýsingar um skólastarfið, skólabraginn og félagslíf nemenda var boðað til fundar með fulltrúum nemenda. Sjálfsmatshópurinn setti fram dagskrá fundarins, en nemendum var frjálst að koma sínum hugðarefnum að. Á fundinum kom fram að nemendum liði almennt vel í skólanum, þeir voru almennt ánægðir með upplýsingagjöf frá skólanum en vildu gjarnan fá að vita af því fyrir þegar kennsla er felld niður. Fundurinn var haldinn í upphafi vorannar og töluðu nemendur um mikið námsálag við lok anna og þá staðreynd að skil á verkefnum og prófum hlaðist upp á síðustu tvær vikurnar. Nemendur nefndu einnig að dýrar kennslubækur væru oft lítið notaðar, þráðlaust net í skólanum væri sumstaðar ekki nógu gott og að umgengni í skólanum væri ábótavant. Eftir fundinn voru ábendingar nemenda notaðar til þess að bæta skólastarfið, gert var átak í umgengnismálum sem rann saman við aðgerðir gegn Covid19. Um vorið og sumarið voru settir upp nýir þráðlausir sendar fyrir þráðlaust net með mikla flutningsgetu.

4.3 Könnun meðal nemenda í fjarnámi vegna Covid19

Rétt fyrir páska vorið 2020 þegar tvær vikur voru liðnar af fjarkennslu við skólann vegna Covid19 var könnun lögð fyrir nemendur til þess að kanna stöðuna í fjarnáminu. Áhersla var lögð á að kanna skipulag námsins, samskipti nemenda og kennara, líðan nemenda og hvort þeir teldu sig geta haldið áfram í fjarnámi fram á vor. Lokaspurning var opin þar sem nemendur máttu segja það sem þeir vildu. Skemmst er frá því að segja að aðeins 37% nemenda tóku þátt í könnuninni þrátt fyrir ítrekaðar áminningar. Könnunin var lögð fyrir sem linkur í tölvupósti og ljóst að betra hefði verið að senda hana út í gegnum Námsnetið, innra net skólans. Þau svör sem bárust voru engu að síður nytsamleg og höfðu áhrif á kennsluhætti eftir páska. Til dæmis var skerpt á því að kennsla færi fram í netheimum


samkvæmt stundaskrá, verkefni og próf sem væru 10% af heildarnámsmati eða meira væru lögð fyrir í morgunstokki hvers áfanga og að kennarar gættu að því að virða kennslutíma hvers annars. Margir nemendur kvörtuðu undan skipulagsleysi og að kennarar settu námið upp hver á sinn hátt og fannst það vera áskorun að takast á við nýja tækni. Nemendur voru almennt sammála um að það væri meira álag í fjarnáminu en þegar verkefni væru unnin í hóp í skólanum. Margir söknuðu beinna samskipta við aðra nemendur og kennara og voru óöruggir. Stjórnendur tóku niðurstöður saman og fjölluðu um þær bæði á starfsmannafundi fyrir páska og kennarafundi eftir páska.

4.4 Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun var lögð fyrir á Námsnetinu í lok vorannar, 21 spurning alls, þar af 11 spurningar fyrir alla starfsmenn og 10 spurningar eingöngu fyrir kennara. Spurt var m.a um líðan, viðhorf til samstarfs og starfsanda, vinnuástöðu, upplýsingastreymi, viðbrögð við Covid19 og ferð starfsmanna til Kanada.


Alls tóku 44 eða um 65% starfsmanna þátt í könnuninni sem lögð var fyrir á Námsnetinu dagana 2. til 10. júní 2020. Hlutfall þeirra sem tók þátt jókst um 10% á milli ára sem er mjög jákvætt. Heildarniðurstöður könnunarinnar voru kynntar af sjálfsmatsstjóra á skóla-fundi við upphaf haustannar 2020.

Flestum starfsmönnum í MS líður vel í vinnunni en þó ekki öllum sem er umhugsunarvert. 80% þeirra sem svöruðu könnuninni líður mjög eða frekar vel í vinnunni skólaárið 2019-20 á móti 92% árið á undan. Vorið 2019 leið engum starfsmanni illa í vinnunni en vorið 2020 svara 5% að þeim hafi liðið frekar illa í vinnunni í vetur. Starfsmönnum hefur verið bent á það að þeir sem þess óska stendur til boða að fá samtali hjá sálfræðingi sér að kostnaðarlausu.




Mynd 6: Viðhorf starfsfólks til líðanar í vinnu vor 2020

87% svarenda finnst samstarfsfólkið jákvætt og hvetjandi sem er fækkun frá fyrra ári þegar 94% fannst samstarfsfólkið jákvætt og hvetjandi. Heilt yfir hefur þó starfsánægja í MS aukist jafnt og þétt undanfarin 3 ár.



Mynd 7: Samstarfsfólkið er jákvætt og hvetjandi vor 2020


89% starfsmanna eru ánægð með starfsandann, 7% eru í meðallagi ánægð og 5% óánægð. Nær allir eru ánægðir með stundatöfluna sína og ánægja með vinnuaðstöðu er almennt mikil.



Mynd 8: Viðhorf starfsfólks MS til starfsandans í MS vor 2020


Starfsandi í skólanum er almennt góður þó hann geti verið breytilegur eftir deildum. Þar sem kennarar ná vel saman er líklegt að starfsandinn sé góður.

Aðeins færri kennarar voru ánægðir með vinnuaðstöðu sína vorið 2020 en vorið 2019. Ekkert breyttist á milli ára hvað varðar vinnuaðstöðu kennara í skólanum svo mögulega má rekja niðurstöður til misjafnrar aðstöðu fólks á fjarkennslutímanum.




Mynd 9: Ánægja með vinnuástöðu samanburður vor 2019 og vor 2020

Skipulagi fagdeilda var breytt á skólaárinu 2018-2019 með fækkun fagstjóra og sameiningu deilda. Fyrirkomulagið hefur fest sig í sessi, almennt eru kennarar ánægðir með faglegt samstarf í sínum deildum þó ánægjan sé aðeins minni vorið 2020 en vorið 2019.



Mynd 10: Viðhorf kennara til faglegs samstarfs í deildum

Flæði upplýsinga virðist vera nokkuð gott í skólanum. Vorið 2020 var 81% starfsmanna, sem tóku þátt í könnuninni, ánægt með upplýsingastreymi á móti 89% starfsmanna árið áður. Hvernig upplýsingar komast til skila hefur aldrei verið mikilvægara en á tímum skólalokunar og fjarkennslu og því ekkert óvenjulegt við það að ánægja með upplýsingaflæði dvíni nokkuð þegar fólk á ekki í nánnum samskiptum í raunheimum. Sífelld er unnið að bættu upplýsingaflæði til starfsmanna og nemenda. Það nýjasta í bættu upplýsingaflæði er að halda stutta örfundi á Teams. Fundargerð allra stjórnendafunda hefur verið rituð og send öllum starfsmönnum síðustu ár. Auk þess sendir rektor reglulega frá sér hugleiðingar um vinnuvikuna og dagskrá vikunnar er gefin út af skrifstofu skólans. Á öllum starfsmannafundum, kennarafundum og fagstjórafundum er rituð fundargerð og send öllum starfsmönnum auk þess sem fundargerðir fagfunda berast stjórnendum. Þegar mikilvægar dagsetningar eru framundan gefur konrektor út mánaðardagatöl sem eru hengd upp á kaffistofu starfsmanna og auk þess send í tölvupósti.




Mynd 11: Viðhorf kennara í MS til upplýsingastreymis innan skólans árin 2018, 2019 og 2020

Vorið 2020 voru 93% þátttakenda í starfsmannakönnun ánægð eða frekar ánægð með viðbrögð skólastjórnenda við Covid19. 88% starfsmanna töldu sig hafa átt auðvelt með að aðlaga starfhætti sína að breyttu ástandi og meirihluti kennara taldi sig ná að halda nemendum virkum í fjarnáminu sem er í samræmi við niðurstöður einkunna.

Covid19 mun án efa hafa áhrif á kennsluhætti í íslenskum framhaldsskólum til frambúðar. Tveir þriðju hlutar kennara í MS telja líklegt að þeir muni oftara nota rafrænar vinnubækur í framtíðinni. Um 80% kennara telja líklegt að þeir muni nýta meira rafræn próf og nær allir voru sammála því að þeir myndu nota samskiptaforritið Teams meira til kennslu og samskipta við nemendur.

Um 40 starfsmenn og tæplega 10 makar fóru í fjögurra daga náms- og menningarferð til Toronto í Kanada dagana 9. til 13. október 2019. Allflestir voru þeirrar skoðunar að ferðin hefði haft jákvæð áhrif á starfsandann í skólanum.

Kennarar eru almennt ánægðir með hvernig þeim tekst til við að innleiða verkefnabundið nám. 81% kennara segir að þeim hafi gengið mjög vel eða frekar vel við innleiðinguna. Kennarar eru vissulega á ólíkum stað í þróunarferlinu. En þar sem starfsmannakönnunin var lögð fyrir að vori má draga þá ályktun að kennarar hafi metið aðstæður þannig að þeim hafi ekki tekist að bjóða upp á eins mikið verkefnabundið nám eins og árið 2018-2019. Ekki eru til gögn sem sýna fram á þetta en það hefur komið fram í samræðum við kennara.



Mynd 12: Viðhorf kennara í MS til þess hvernig þeim tekst að innleiða verkefnabundið nám í kennslunni.

Þegar starfsmannakönnun er lögð fyrir að vori eru starfsmenn einnig beðnir um að meta störf stjórnenda. Stjórnendur í MS eru fjórir. Úr hverri könnun um störf stjórnenda er reiknað meðaltal niðurstaðna og er meðaltalið á bilinu 3,98 til 4,53. Starfsmenn skólans eru almennt á þeirri skoðun að stjórnendur treysti þeim í starfi, meti vinnuframlag þeirra að verðleikum og komi vel fram við sig. Stjórnendur ræða niðurstöður könnunarinnar sín á milli og finna leiðir til úrbóta þar sem þess er þörf. Það er misjafnt eftir starfsvettvangi stjórnenda hvaða úrbóta er þörf en niðurstöður benda til að starfsmenn óski almennt eftir meiri sýnileika stjórnenda í skólastarfinu, að aukið samráð sé haft við þá um ákvarðanatöku, að stjórnendur þekki betur til kennsluhátta hvers og eins og veiti þeim aukið aðhald í starfi.

5 Ytra mat á skólastarfi

Haustið 2018 fékk Menntaskólinn við Sund boð frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um ytra mat á skólastarfi. Matsferlinu var frestað til haustsins 2019. Matsmenn voru Margrét Friðriksdóttir og Unnar Örn Þorsteinsson. Um miðjan október dvöldu þau um vikutíma í skólanum, ræddu við hópa nemenda, fulltrúa forráðamanna, kennara og aðra

starfsmenn skólans. Skýrsla um ytra mat á skólstarfi í MS kom út í febrúar 2020 og er bæði birt á vef Menntamálstofnunar og á [vef skólans](#). Skólinn eru ánægður með skýrsluna og drög hafa verið gerð að aðgerðaáætlun til þessa að bæta skólstarfið samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar. Aðgerðaáætlunin nær yfir a.m.k. tvö skólaár. Tveimur verkefnum er þegar lokið, þ.e. gerð jafnréttisáætlunar og uppsetning á öflugra þráðlausu neti í skólanum. Verkefni sem eru þegar á góðri leið eru t.d. skráning á bókakosti skólans í Gegni, notkun á upplýsingatækni í kennslu og notkun á kennara Námsnetinu. Mörg verkefni eru þegar komin í vinnslu en nokkur þurfa að bíða.

6 Árangur nemenda

6.1 Námsárangur

Heildarmeðaltal einkunna skólaárið 2019-2020 var 6,81, 2018-2019 var meðaltalið 6,77 og árið á undan var það 6,5. Einkunnir hafa því hækkað í skólanum ár frá ári og má líklega rekja það til vinsælda skólans meðal 10. bekkinga og aukinnar samkeppni um skólavist í MS.

Tafla 8: Meðaleinkunn nemenda skólaárið 2019-2020

Meðaleinkunn nemenda	Haustönn 2019	Vetrarönn 2019	Vorönn 2020
Drengir	6,71	6,42	6,28
Stúlkur	7,22	7,00	7,15
Allir	6,98	6,71	6,74

Tafla 9: Dreifing einkunna skólaárið 2019-2020

Meðaleinkunn nemenda:	Haustönn 2019	Vetrarönn 2018	Vorönn 2020	Alls
Einkunn 1-4	5%	8%	9%	7,33%
Einkunn 5-7	53%	57%	53%	54,33%
Einkunn 8-10	42%	35%	38%	38,33%

Skólaárið 2018-2019 lækkaði hlutfall þeirra sem féllu í áföngum úr 10% í 7,33% og hélst eins 2019-2020. 54,33% nemenda fengu einkunn 5,0 til 7,0 og var hlutfall þeirra aðeins hærra en árið á undan. 38,33% nemenda fengu einkunnina 8,0 - 10,0 sem er 8% hærra en árið 2018.

Tafla 10: Samaburður á einkunnum nemenda vorið 2019 og vorið 2020

Einkunn	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Alls
Vor 2019	90	25	33	71	391	628	682	660	438	106	3125
	3%	1%	1%	2%	13%	20%	22%	21%	14%	3%	
Vor 2020	87	51	65	68	423	620	724	726	464	67	3295
	3%	2%	2%	2%	13%	19%	22%	22%	14%	2%	

Vegna Covid19 fór mestur hluti náms á vorönn 2020 fram í fjarkennslu eða um 80%. Því er áhugavert að bera saman einkunnir nemenda á þessum önnum á milli ára. Ekki er hægt að greina marktækan mun á einkunnum nemenda á milli þessara anna.

Tafla 11: Samanburður á meðaleinkunn skólaárin 2018-2020

Skólaárið	2017-2018	2018-2019	2019-2020
Haustönn	6,7	6,81	6,98
Vetrarönn	6,5	6,7	6,7
Vorönn	6,3	6,82	6,74

6.2 Miðannarmat/stöðumat

Um miðja haust-, vetrar- og vorönn skólaárið 2019-2020 mátu kennarar stöðu allra nemenda. Niðurstaða miðannarmatsins birtist nemendum og forráðamönnum í Innu og er matinu ætlað að hjálpa nemendum að glöggva sig á stöðu sinni um miðja önn þannig að þeim gefist tækifæri til að bæta sig fyrir lok annarinnar. Skólinn sendir forráðamönnum upplýsingar um að miðannarmatið hafi farið fram, hvar það birtist í Innu og hvetur þá til að fara yfir það með börnum sínum. Nemendum sem fá ófullnægjandi námsárangur í tveimur greinum eða fleiri er bent á að leita til námsráðgjafa. Í áföngum þar sem hátt hlutfall nemenda sýnir óviðunandi námsárangur um miðja önn eru kennarar beðnir um fara sérstaklega ofan í kjölinn á niðurstöðum og greina konrektor frá niðurstöðum sínum.

6.3 Umræður um töluleg gögn um námsárangur

Í lok hverrar annar eru teknar saman niðurstöður (meðaltal og dreifing) um námsárangur nemenda í skólanum í heild og í hverjum námsáfanga. Þessar niðurstöður eru ræddar á fagstjórafundum í upphafi nýrrar annar og á fagfundum í kjölfarið. Yfirlit yfir einkunnadreifingu í áföngum er sent til allra kennara.

7 Sumarnám í MS

Menntaskólinn við Sund hélt úti sumarnámi fyrir nemendur skólans í júní 2020. Kenndir voru 8 áfangar og nemendur fengu sérstakt boð um þátttöku miðað við stöðu þeirra í námi. Nemendur tóku vel í boðið og þáðu 64 nemendur þau 80 pláss sem voru í boði. Sumarskólinn fór fram á 4 vikum með staðkennslu tvisvar í viku á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 8:30 - 10:30. Auk þess unnu nemendur sjálfstæð verkefni og kennarar sinntu þeim í fjarkennslu eftir þörfum. Með þessu skipulagi gátu nemendur sem höfðu sumarvinnu sinnt henni á öðrum tímum.

Nokkrir nemendur hefðu getað hugsað sér að halda uppteknum hætti í júlí. Afföll í sumarskólanum voru meiri en gengur og gerist enda um mjög fjölbreyttan hóp nemenda að ræða. Sumir nemendur gáfust upp á miðri leið en nokkrir náðu ekki á lokasprettinum. Þess má geta að nemendur í lokaáföngum í félagsfræði og líffræði höfðu áður fallið í sama áfanga en kláruðu flestir undir dyggri handleiðslu kennara í sumarskóla.

Að sumarskóla loknum voru brautskráðir 3 nemendur með stúdentspróf úr MS og einn nemandi að auki var brautskráður eftir sumarnám í öðrum skóla. Þessir nemendur teljast til útskriftarnemenda á haustönn 2020. Alls átta kennarar sinntu kennslu í sumarskólanum og verkefnisstjórn yfir náminu var á höndum námsbrauta- og námskrárstjóra. Í heild má

segja að MS gæti vel hugsað sér að bjóða aftur upp á sambærilegt sumarnám fyrir eigin nemendur sem vilja bæta sig í námi eða flýta fyrir sér.

8 Námssamfélag starfsmanna

8.1 Starfendarannsóknir

Átján kennarar og tveir stjórnendur við MS tóku þátt í starfendarannsóknum veturinn 2019-2020. Alls voru haldnir 6 fundir. Ráðgjafar hópsins voru Hafþór Guðjónsson og Guðrún Ragnarsdóttir.

Hafþór Guðjónsson sem hefur verið ytri ráðgjafi hópsins frá upphagi hætti störfum fyrir aldurs sakir í nóvember 2019. Félag áhugafólks um skólaþróun hélt ráðstefnu til heiðurs Hafþóri í MS og var kennurum skólans sérstaklega boðið á ráðstefnuna. Á vorönn var Guðrún Ragnarsdóttir, lektor á Menntavísindasviði H.Í. fengin til þess að sinna ráðgjafahlutverki fyrir starfendrarannsóknarhópin og stóð til að hún yrði með á tveimur fundum á vormánuðum. Vegna COVID19 og meðfylgjandi skólalokunar frá 16. mars 2020 varð minna úr en til stóð. Starfið féll niður frá og með skólalokuninni.

Í aprílmánuði stóð til að Jean McNiff kæmi til landsins og myndi halda námskeið og erindi um starfendarannsóknir fyrir kennara og starfsfólk í MS. Vegna Covid19 varð ekki úr þeirri heimsókn og féll hún niður. Heimsóknin átti að vera liður í hátíðarhöldum vegna 50 ára afmæli skólans í október 2019.

Markmið starfendarannsókna er að gefa fólki tækifæri til að vaxa í starfi og þróa starfs-hætti sína með því að rannsaka og ígrunda starf sitt. Hver starfsmaður skoðar afmarkaðan þátt í starfi sínu, safnar gögnum með ýmsum aðferðum, heldur dagbók og fundar með hópnum. Starfið byggir á hugmyndum Jean McNiff, prófessors við York St John University, sjá <http://www.jeanmcniff.com>. Verkefnisstjóri starfendarannsókna er Þóra Víkingisdóttir. Starfendarannsóknir í MS hafa verið rannsakaðar af Hjördísi Þorgeirsdóttur og er niðurstöður að finna í doktorsritgerð hennar sem kom út árið 2016 og í grein sem birtist 2018 í tímaritinu Educational Action Research (Hjördís Þorgeirsdóttir, 2018; 2016).

8.2 Þróunarverkefni

Starfsfólk MS vinnur að ýmsum þróunarverkefnum til að bæta nám og kennslu í MS. Árlega veitir MS styrki til þróunarverkefna sem byggja á samkomulagi milli samstarfsnefndar félagsmanna KÍ og MS og er venjulega úthlutað tvisvar á ári. Hjördís Þorgeirsdóttir kennari við skólann fékk á skólaárinu styrk úr Rannsóknarsjóði KÍ fyrir verkefnið: „Starfendarannsókn um leiðsagnarnám og námskraft nemenda“. Um verkefnið skrifaði Hjördís rannsóknarskýrslu sem fjallar um starfendarannsókn hennar um að þróa námshætti og námsmat í anda leiðsagnarnáms og byggja upp námsmenningu um námskraft nemenda í félagsfræðiáfangi í MS (Skýrsluna má lesa hér). Á skólaárinu 2019 -2020 var veittur fjöldi þróunarstyrkja til kennara fyrir að markmiðagreina verkefni í áföngum og bera saman þekkingar-, leikni -, og hæfniviðmið í verkefnum og prófum við námskrá MS. Þessi vinna hófst í nóvembermánuði 2018 á vinnufundi allra starfsmanna á Hótel Örk („Nám í MS“). Þetta er liður í því að gera námið í MS betra og árangursríkara fyrir nemendur og verður haldið áfram út næsta á skólaár.

Skólinn er í samstarfsverkefni með Vogaskóla á sviði stjórnunar, stærðfræði og tungumála og var unnið að því að ramma það samstarf frekar inn með myndun lærdómssamfélags skólanna við Sund. „Í lærdómssamfélagi lærir hver af öðrum og hver með öðrum í viðleitni sinni til að ná sífellt betri árangri í samræmi við breyttar áherslur á hverjum tíma“ (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013). Verkefnið er styrkt af Sprotasjóði og hefur verið framlengt út haustið 2020. Verkefnið hófst í byrjun október 2019 og hittust 16 kennarar, 8 úr hvorum skóla ásamt stjórnendum á nokkrum fundum, bæði á haust- og vetrarönn. Verkefninu var ýtt úr vör af Önnu Kristínu Sigurðardóttur prófessor og sérfræðingi í myndun lærdómssamfélaga. Verkefninu er skipt upp í þrjá hluta. Í fyrsta hluta var lögð áhersla á að kennarar skólanna kynntust. Í hluta tvö funduðu fagkennarar um mögulegan samvinnuveitvang. Í hluta þrjú átti að raungera samvinnuna með nemendum. Hluti þrjú var ekki framkvæmdur nema að litlu leyti, en til stóð að gera það á haustdögum 2020, ekki er útséð með hvernig verkefnið endar.

Kennarar við skólann taka oft að sér ábyrgðarstörf í þágu menntunar. Að þessu sinni er Gunnvör Rósa Eyvindardóttir formaður félags félagsfræðikennara og Lóa Steinunn Kristjánsdóttir situr í stjórn sögufélagsins og í fulltrúaráði Europeana sem eru rafræn söfn á netinu.

8.3 Endurmenntun

Til að ýta undir faglegar umræður og starfsþróun starfsfólks eru haldnir fræðslufundir og örnámskeið um ýmis fagleg málefni. Á síðasta skólaári hélt skólinn fjóra almenna fræðslufundi auk námskeiðs í fyrstu hjálp. Á haustönn var farið yfir helstu notkunarmöguleika Turnitin ritstuldarforritsins. Á vetrarönn var opinn umræðufundur þar sem starfsmenn lögðu sjálfir til efni. Þar var m.a. rætt um gagnlegar hugmyndir fyrir nemendur með lesblindu og aðra sértæka námsörðugleika. Indrid Kuhlman hélt erindi í febrúarmánuði um helstu einkenni kulnunar og leiðir til þess að sporna við henni. Á vetrarönn hélt Nína Rúna Ævarsdóttir Kvaran námskeið um notkunarmöguleika OneDrive skýsins sem skólinn hefur aðgang að í gegnum Office365. Tveir fræðslufundir féllu niður vegna Covid19, ekki síst vegna ofurálags á kennara sem voru hlaðnir verkefnum í fjarkennslu (Brynja Gunnlaugsdóttir, 2020).

Auk þessa býður skólinn starfsfólki Daga af erlendum uppruna sem sér um ræstingu á skólahúsnæðinu upp á íslenskukennslu eina klukkustund á viku. Með því bætir skólinn samskiptin og möguleika fólks til þess að aðlagast íslensku samfélagi.

8.4 Erlent samstarf

Verkefnisstjóri um erlent samstarf gerir umsókn um Erasmus+ styrki, skrifar lokaskýrslu um ferðirnar, útbýr samninga og viðurkenningarskjöl og sér um undirbúning og skipulag á ferðum starfsmanna erlendis sem styrktar eru af Erasmus+. Í samstarfi við Svövu Loftsdóttur fjármálastjóra eru keyptir flugmiðar, pöntuð hótélherbergi og leigubílar, starfsmenn skráðir á ráðstefnur og ráðstefnugjöld greidd. Verkefnisstjóri sækir um styrk til Samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara, SEF og undirbýr þá ferð. Verkefnisstjóri aðstoðar einnig við móttöku erlendra gesta. Allt erlenda samstarfið er unnið í samstarfi við rektor og konrektor.

Vegna kórónaveirunnar hefur Erasmus+ verkefni ársins „Starfsþróun til að efla skapandi skólastarf“ verið framlengt til loka ársins 2020. Þremur ferðum í Erasmus+ verkefninu sem

voru fyrirhugaðar vorið 2020 var frestað til haustsins 2020 vegna kórónaveirunnar. Einnig frestaðist fyrirhuguð ferð í Nordplus verkefninu Vinir um vatnið. Fyrirhugaðri heimsókn Jean McNiff í apríl 2020 var frestað til haustsins og heimsókn evrópskra kennara sem var fyrirhuguð í mars 2020 var frestað um ár.


Búið er að fá myndarlegan Erasmus+ styrk fyrir næsta skólaár fyrir verkefnið: Starfsþróun til að efla verkefnamiðað nám. Það frestast vegna kórónaveirunnar og mun vera frá 31. 12. 2020 til 30. 12. 2021. Verkefnið verður nánar kynnt og auglýst eftir þátttakendum á haustönn 2020. Nordplus samstarfsverkefnið „Vinir um vatnið“ með skólum í Færeyjum, Danmörku og Svíþjóð heldur áfram undir forystu Lóu Steinunnar og Guðrúnar Benediktu. Erlenda samstarfið gekk mjög vel, átta kennarar fóru í samtals 3 ferðir. Erasmus+ ferðirnar voru lærdómsríkar og ánægjulegar samkvæmt mati þátttakenda en kynningum á námsferðunum var frestað til haustsins.

Það sem helst mætti bæta á næsta skólaári væri að skólinn setti sér stefnu um markmið með evrópsku samstarfi og myndi tengja hana við stefnu um þróun skólastarfs í MS og stefnu um starfsþróun starfsmanna MS. Einnig mætti hvetja kennara til að sækja um Erasmus+ styrk fyrir ferðir kennara með nemendum og nýta netið betur fyrir samskipti á milli landa t.d. eTwinning.

Auk ferða fyrir styrki frá Erasmus+ fer skólinn í námsferðir með nemendum í þýsku og frönsku til Berlínar og Parísar sem kennararnir skipuleggja og nemendur kosta sjálfir.

9 Lokaorð

Eftirfarandi er aðgerðaáætlun fyrir skólaárið 2020-2021. Áætlunin byggir á innra og ytra mati á skólastarfi 2019-2020:

Menntaskólinn við Sund	Megin markmið aðgerðaráætlunar
<p>Markmið og aðgerðir 2020-2021</p> <p><i>Virðing - Jafnrétti - Ábyrgð - Heiðarleiki</i></p> <p><small>Markmið og aðgerðir 2020-2021</small></p> 	<ul style="list-style-type: none"> • Mótun skólabrags • Þróun kennslufræði í takt við námskrá MS • Faglegt samstarf, starfsþróun og endurmenntun • Nám í MS • Umhverfismál, stjórnsýsla og rekstur <p><small>Markmið og aðgerðir 2020-2021</small></p>
<p>Mótun skólabrags</p> <ul style="list-style-type: none"> • Leita leiða til þess að móta félagsanda meðal nemenda á fjarnámstímum • Styðja við nemendur og forráðamenn þeirra við uppbyggingu fjölbreyttara félagslífs • Halda áfram að móta nýjar hefðir í MS • Vinna að bættri umgengni • Fylgja eftir aðgerðaráætlun um varnir gegn brottþvarfi <p><small>Markmið og aðgerðir 2020-2021</small></p>	<p>Þróun kennslufræði í takt við námskrá MS</p> <ul style="list-style-type: none"> • Með því að byggja upp seiglu nemenda og hvetja þá til þess að taka ábyrgð á eigin námi • Með áherslu á virkni og þátttöku nemenda í bæði stað og fjarnámi • Með áherslu á að skapa öllum nemendum góð skilyrði til náms, með: <ul style="list-style-type: none"> • fjölbreyttum kennsluháttum og námsmati • því að huga að gagnrýnni hugsun, félagsfærni og tjáningu nemenda • því að taka tillit til reynsluheims þeirra og hugmynda <p><small>Markmið og aðgerðir 2020-2021</small></p>
<p>Faglegt samstarf, starfsþróun og endurmenntun</p> <ul style="list-style-type: none"> • Efla faglegt samstarf innan námsgreina og milli þeirra • Hvetja starfsmenn til þess að taka þátt í : <ul style="list-style-type: none"> • Starfendarannsóknum • Fræðslufundum • Erlendum samstarfsverkefnum (t.d. Erasmus+ og Nord+) ef þau verða í boði • Samskipti við aðra skóla <ul style="list-style-type: none"> • Þróunarverkefni: Faglegt lærdómssamfélag í samvinnu við Vogaskóla • Fjölbreytt verkefni innanlands <p><small>Markmið og aðgerðir 2020-2021</small></p>	<p>Nám í MS</p> <ul style="list-style-type: none"> • Samþætting námskrár og kennslu við viðmið áfanga <ul style="list-style-type: none"> • Styrkir Samstarfsnefndar MS og félagsmanna í KÍ • Öflugt og skipulagt fagstjórarstarf • Þátttaka allra starfsmanna í „Nám í MS – dögumun“ <ul style="list-style-type: none"> • Tveir vinnufundir sem verða haldnir utan MS <p><small>Markmið og aðgerðir 2020-2021</small></p>
<p>Umhverfismál, stjórnsýsla og rekstur</p> <ul style="list-style-type: none"> • Græn skref í ríkisrekstri og grænt bókhald <ul style="list-style-type: none"> • Sitt um vörðuleysis og þröðu grænna skólans • Ná fram markmiðum umhverfisráðgjafna 2019 – 2021 • Önnur umhverfismál <ul style="list-style-type: none"> • Umhverfismála á vettvegi • Hvetja til vinnu umhverfisráðgjafna • Kanna og tryggja gængu frá neplu og öflugum atvika • Stjórnsýsla <ul style="list-style-type: none"> • Innviðleggjörningur á milli • Útframlagsáætlunir og fjárhagsáætlunir • Vinnuvernd – þráttum starfsgætt og lagfæringar á vinnuáhrifum • Aðgangur að vinnuáhrifum 2019 mál á ákallastarfi 2019 • Rekstur <ul style="list-style-type: none"> • Fylgja eftir þriggja ára áætlun um rekstur skólans og tryggja fjármagnsmál og lagfæringar <p><small>Markmið og aðgerðir 2020-2021</small></p>	

Sjálfsmat er tæki til skólaþróunar og í Menntaskólanum við Sund leggjum við áherslu á fjölbreyttar sjálfsmatsaðferðir með virkri þátttöku starfsfólks og nemenda í matsferlinu. Sjálfsmatið er að mestu leyti í föstum skorðum en einnig eru nýjungar prófaðar til að þróa það áfram. Að þessu sinni var könnunum breytt til þess að laga þær betur að breyttum aðstæðum á vorönn þegar Covid19 hóf innreið sína inn í landið. Eins var lögð fyrir skyndikönnun til þess að kanna aðstæður og líðan nemenda á fyrstu vikum heimsfaraldurs Covid19 og verður einnig gripið til þeirrar aðferðar á næsta skólaári.

Það má segja að námsferð starfsmanna til Kanada, framlag skólans á Ráðstefnunni „Menntun til framtíðar“ í FB, Ráðstefna í skólaþróun til heiðurs dr. Hafþóri Guðjónssyni sem haldin var í MS í nóvember 2019 og 50 ára afmæli skólans hafi dregið fram styrkleika stofnunarinnar og starfsfólksins. Svo breyttust áherslur með Covid19 og bæði starfskraftur og hugmyndaauðgi beindust að því að finna skólastarfi farveg á farsóttartímum. Skólinn þakkar kærlega veittan Erasmus+ styrk fyrir námsferðir starfsfólks erlendis og fyrir styrk úr Sprotasjóði fyrir þróunarverkefni um myndum lærdómssamfélags á milli skólastiga og vonast til þess að geta nýtt fjármunina til fullnustu þegar tækifæri gefst. Sjálfsmatshópur, nemendur, forráðamenn og starfsmenn MS, sem tóku þátt í mati á skólaárinu 2019 til 2020 fá bestu þakkir fyrir þátttöku í sjálfsmati í MS.

Reykjavík 28. október 2020

Fyrir hönd Menntaskólans við Sund

Helga Sigríður Þórsdóttir, konrektor

Heimildir

Aðgerðaáætlun um sjálfsmat 2019-2020. Heimasíða Menntaskólans við Sund, <https://www.msund.is/skolinn/stefna-skolans/sjalfsmatsstefna>

Anna Sigurðardóttir (2017). Innleiðing aðgerða gegn brotthvarfi nemenda frá Menntaskólanum við Sund skólaárið 2016-2017. Sótt af á heimsíðu menntaskólans við Sund, <https://www.msund.is/fraedsluefni/skyrslur>

Anna Kristín Sigurðardóttir (2013). Skóli sem lærdómssamfélag. Í Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímansson (ritsjórar) Fagmennska í skólastarfi. Akureyri: Háskólaútgáfan

Brynja Gunnlaugsdóttir (2020) Skýrsla um endurmenntun skólaárið 2019-2020. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.

Claxton, Guy. (2006). Expanding the capacity to learn a new end for education. Sótt af: <https://www.researchgate.net/publication/242098099>

Claxton, G. and Powell, G. (2019) Powering Up Students. The Learning Power Approach in High School Teaching. Wales: Crown House Publishing.

Claxton, G. (2018) The Learning Power Approach. Carmarthen: Crown House Publishing Limited

Hafþór Guðjónsson. (2013). Action research in Iceland: glimpses and reflections. Í McNiff, J. (ritstjóri) Value and Virtue in Practice-Based Research. Bls. 43-53. J. Dorset: September Books.

Helga Sigríður Þórsdóttir. (2019). Leiðsagnarnám í nýju þriggja anna kerfi. Skólaárið 2018-2019. Heimasíða Menntaskólans við Sund, http://www.sprotasjodur.is/static/files/-mentaskolinn-vid-sund_40_lokaskyrsla.pdf

Hjördís Þorgeirsdóttir (2020). Ársskýrsla um erlent samstarfs í Menntaskólanum við Sund skólaárið 2019-2020. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.

Hjördís Þorgeirsdóttir. (2018) The Change Room promotes teachers' agency to change their practice. Educational Action Research. <http://dx.doi.org/10.1080/09650792.2018.1436080>

Hjördís Þorgeirsdóttir (2016). Investigating the use of Action Research and Activity Theory to Promote the Professional Development of Teachers in Iceland. Doctorial thesis from University of Iceland and University of Exeter.
<http://hdl.handle.net/1946/23886>

Hjördís Þorgeirsdóttir (2020). Starfendarannsókn um leiðsagnarnám og námskraft nemenda. Rannsóknarskýrsla um rannsókn með styrk úr Rannsóknarsjóði KÍ.
https://www.msund.is/media/2020/10/13/229c4nujuj_Ranns_knarsk_rsla_Lei_sagnarn_m_H_j_l_2020.pdf

Markmið og aðgerðir 2019-2020. Heimasíða Menntaskólans við Sund,
<https://www.msund.is/skolinn/markmid-og-adgerdir>

Már Vilhjálmsson (2020): Ársskýrsla Menntaskólans við Sund 2019. Heimasíða Menntaskólans við Sund,
https://www.msund.is/media/2020/05/07/3upjdsvi80_Arsskyrsla_MS_2019.pdf

Ytra mat á starfssemi Menntaskólans við Sund haustönn 2019. Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Sótt af:
https://mms.is/sites/mms.is/files/menntaskolinn_vid_sund.pdf

Ytra mat á skólastarfi í MS: Aðgerðaáætlun 2020-2021. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.

Þóra Víkingsdóttir. (2020). Starfsemi starfendarannsóknarhóps 2019-2020. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.

Þórunn Steindórsdóttir (2020). Skýrsla verkefnisstjóra um sjálfsmat skólaárið 2019-2020. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.